

Nd.

15. Frumvarp til laga

[14. mál]

um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Veita má Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Reykjavíkurbæ, öðrum aðila eða háðum, leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði úr nautum af hreinræktuðum holdakynjum og mjólkurkynjum, til þess að kynbæta hinn innlenda nautgripastofn til kjötframleiðslu og mjólkurframleiðslu.

2. gr.

Leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði samkvæmt 1. gr., skal bundið þeim skilyrðum, að hlutaðeigandi aðili stofni og reki bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur og setji á stofn sóttvarnarstöð í sambandi við búíð. Þar skulu viðhafðar fullkomnar varúðar- og sóttvarnarráðstafanir í öllum greinum. Skal rekstri búsinis og einangrun að öllu leyti hagað svo sem fyrir er mælt í 4.—10. gr. laganna.

Á meðan ríkið hefur ekki reist sérstaka sóttvarnarstöð, skal sóttvarnarstöð sú, er hér greinir, taka að sér hlutverk hennar samkvæmt samningi við ríkisstjórnina.

3. gr.

Heimild þá, sem felst í lögum þessum, má landbúnaðarráðherra því aðeins nota, að Búnaðarfélag Íslands og Tilraunaráð búfjárræktar mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn. Búnaðarfélag Íslands og Tilraunaráð búfjárræktar skulu samþykkja val nautgripakynja þeirra, sem inn eru flutt eða sæði er flutt inn úr, svo og val hinna innlendu nautgripa, sem notaðir eru til kynblöndunarinnar.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Tilraunaráðs búfjárræktar með samþykki yfirdýralæknis. Skal þar setja greinileg ákvæði um rekstur sóttvarnar- og kynblöndunarbúsins, svo og um hvenær og á hvern hátt má flytja þaðan sæði og búpening til frekari kynbóta annars staðar.

5. gr.

Ef fluttir verða inn nýfæddir kálfar, þá getur ráðuneytið ákveðið, að stytur verði einangrunartími sá, er um ræðir í 2. mgr. 5. gr. laganna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að fyrir síðasta Alþingi hafi verið lagt frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 15 8. marz 1948, um innflutning búfjár, og var frumvarpið samþykkt í neðri deild þingsins og fjórir af fimm nefndarmönnum landbúnaðarnefndar efri deildar mæltu með samþykki þess, en frumvarpið náði þó ekki fram að ganga á því þingi. Hins vegar þurfa lög þessa efnis að koma til framkvæmda nú þegar, ef þau eiga að ná tilgangi sínum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Veita má Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Reykjavíkurbæ, öðrum aðila eða báðum, leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði úr nautum af hreinræktuðum holdakynjum og mjólkurkynjum, til þess að kynbæta hinn innlenda nautgripastofn til kjötfraðleiðslu og mjólkurframleiðslu.

2. gr.

Leyfi til þess að flytja inn nautgripi eða sæði samkvæmt 1. gr., skal bundið þeim skilyrðum, að hlutaðeigandi aðili stofni og reki bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur og setji á stofn sóttvarnarstöð í sambandi við búíð. Þar skulu viðhafðar fullkomnar varúðar- og sóttvarnarráðstafanir í öllum greinum. Skal rekstri búsins og einangrun að öllu leyti hagað svo sem fyrir er mælt í 4.—10. gr. laganna.

Á meðan ríkið hefur ekki reist sérstaka sóttvarnarstöð, skal sóttvarnarstöð sú, er hér greinir, taka að sér hlutverk hennar samkvæmt samningi við ríkisstjórnina.

3. gr.

Heimild þá, sem felst í lögum þessum, má landbúnaðarráðherra því aðeins nota, að Búnaðarfélag Íslands og Tilraunaráð búfjárræktar mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn. Búnaðarfélag Íslands og Tilraunaráð búfjárræktar skulu samþykkja val nautgripakynja þeirra, sem inn eru flutt eða sæði er flutt inn úr, svo og val hinna innlendu nautgripa, sem notaðir eru til kynblöndunarinnar.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Tilraunaráðs búfjárræktar með samþykki yfirdýralæknis. Skal þar setja greinileg ákvæði um rekstur sóttvarnar- og kynblöndunarbúsins, svo og um hvenær og á hvern hátt má flytja þaðan sæði og búpening til frekari kynbóta annars staðar.

5. gr.

Ef fluttir verða inn nýfæddir kálfar, þá getur ráðuneytið ákveðið, að stytur verði einangrunartími sá, er um ræðir í 2. mgr. 5. gr. laganna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. ágúst 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.